

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Fræðasjóð Landmannahrepps“, **30**
 útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 26. apríl 1933. 26. apríl
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Fræðasjóð Landmannahrepps.

1. gr.

Sjóður þessi heitir Fræðasjóður Landmannahrepps. Hann er stofnaður með 2000 — tvö þúsund — króna gjöf frá Bjarnrúnu Jónsdóttur og Guðmundi hreppstjóra Árnasyni, hjónum búandi að Múla í Landmannahreppi á 25 ára hjúskapar-afmæli þeirra, hinn 17. maí 1932.

2. gr.

Hreppsnefnd Landmannahrepps sér um geymslu sjóðsins og ábyrgist tryggja og góða ávöxtun hans. Ber hreppsfélagið fulla ábyrgð þess, að eigi glatist höfuðstóll eða vextir. Við höfuðstólinn leggjast vextir þeir, sem ekki eru notaðir samkvæmt því, er síðar segir, svo og aðrar tekjur, er sjóðnum kunna að berast. Höfuðstólinn með því, er við hann bætist, má aldrei skerða. Sé sjóðurinn ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands, fellur ábyrgð hreppsnefndar niður.

3. gr.

Vöxtum sjóðsins má verja, að meiru eða minna leyti, þó aldrei öllum, til þess að styrkja fræðimenn búsetta í Landmannahreppi, þá er safna alþýðlegum fróðleik, er annars mundi, ef til vill, glatast, eða er mjög torfundinn. Að öðru jöfnu setur fátækari maður fyrir öðrum efnaðri um styrk úr sjóðnum.

Til tryggingar því, að það, sem safnað er, fyrir styrk úr sjóðnum, geymist og verjist frá glötun, skulu handritin annaðhvort prentuð eða geymd, að minnsta kosti í tveimur eintökum, öðru í bókasafni hreppsins, en hinu í landsbókasafninu í Reykjavík. Aldrei má flytja handritin út úr lestrarstofum safna þessara, en heimilt skal fræðimönnum að nota þau undir umsjón bókavardar.

4. gr.

Þegar vextir sjóðsins eru orðnir 1000 — eitt þúsund — krónur á ári, og eigi eru þá styrkhæfir menn, eftir aðaltilgangi sjóðsins, innan hreppsins, er heimilt að verja nokkru af þeim til styrktar öðrum fátækum rithöfundum eða listamönnum búsettum í hreppnum.

Þegar ársvextir sjóðsins eru orðnir 3000 — þrjú þúsund — krónur, og eigi eru þá styrkhæfir menn innan hrepps, samkvæmt áður sögðu, er heimilt að verja

30 nokkru af þeim til styrktar fátækum fræðimönnum í öðrum hreppum Rangár-
26. apríl vallasýslu eða Árnessýslu, utan kaupstaða og kauptúna.

En séu engir slíkir, má verðlauna merkileg fræðirit samin af öðrum í sömu sýslum.

Heimilt er að stækka verðlaunasvið sjóðsins síðar, ef ástæða þykir til, þegar ársvextir eru orðnir 10,000 — tíu þúsund — krónur.

5. gr.

Styrk og verðlaunum úr sjóðnum úthlutar: þjónandi prestur og hreppstjóri Landmannahrepps, og þriðji maður, sem hreppsnefndin kys til þriggja ára í senn. Er það á þeirra valdi, hvort þeir veita styrk eða verðlaun og hve mikil. Skulu þeir halda gjörðabók og í hana rita greinilega ástæður fyrir veittum styrk eða verðlaunum, og ef um ágreining verður að ræða, séu ástæður fyrir honum skýrt fram teknar. Þó ræður úrslitum úrskurður meiri hluta.

6. gr.

Þegar hreppsnefnd Landmannahrepps hefur tekið við umsjón og stjórn sjóðsins, eins og segir í 2. gr., ber henni að koma honum sem fyrst á tryggan vaxtastað.

Um árlega reikningsfærslu og yfirskoðun skulu gilda sömu reglur og um reikning hreppsins. Skal reikningur sjóðsins jafnan fylgja hreppsreikningnum til sýslunefndar Rangárvallasýslu, sem skal hafa hann til yfirskoðunar og úrskurðar eins og hreppsreikninginn.

Stjórn og úthlutunarnefnd vinna kauplaust fyrir sjóðinn.

7. gr.

Komi það fyrir, að hreppaskipun verði breytt í Rangárvallasýslu, þannig, að nafnið „Landmannahreppur“ leggist niður, þá verður sjóðurinn eign Rangárvallasýslu með þeim skyldum og réttindum, sem honum fylgja samkvæmt skipulagsskrá þessari, og verði samskonar breyting á sýslnaskipun hér á landi, svo að nafnið „Rangárvallasýsla“ leggist niður, þá verður sjóðurinn almenningsseign undir umsjón og stjórn ríkisstjórnar Íslands, samkvæmt skipulagsskrá þessari.

8. gr.

Skipulagsskrá þessi er samin samkvæmt ósk gefendanna, af hreppsnefnd Landmannahrepps, sem hér með óskar konungsstaðfestingar á henni.

Gjört að Hvammi í Landmannahreppi, 13. október 1932.

Eyjólfur Guðmundsson.

Ófeigur Vigfússon.

Guðmundur Árnason.

Loftur Jakobsson.

Jón Þorsteinsson.